

Grænalón

VATNAMÆLINGAR

25. SKILSÖGIR

- Júlí 1951 -

Fransk-íslenski Vatnajökulsleiðangurinn hélt 19. apríl (sumardaginn fyrsta) 1951 suður Skeiðarárjökul. Um 4 km austur af Grænalóni var mæld þykkt jökulsins, sem reyndist vera 450 m, en það gefur að hæð landsins undir jöklinum er í kóta 230. Þarna var tjaldað á jöklinum um nóttina, en næsta morgun haldið 1,3 km í vestur. Þá mælt á ný og reyndist landið vera í kóta 390, þ.e.a.s. risið um 160 m á aðeins 1,3 km leið.

Þessar mælingar, ásamt öðrum, sýna að undir Skeiðarárjökli liggur djúpur dalur, sem nær allt norður til Grímsvatna. Því að 5 km suðaustur af Svíahnjúkum er þykkt jökulsins 1040 m en hæð landsins aðeins 440 m.

Aðstaða við Grænalón og Grímsvötn er að því leyti áþekk, að þegar hlaup koma verður vatnsþrýstingurinn að lifta jökulfarginu, sem liggur á þröskuldunum við austur jaðra vatnanna, og skola burt mórenu og íshröngli, sem jökullinn fyllir allar vatnsrásir með á milli hlaupanna. En jökullinn hlýtur að loka rásunum auðveldlega þar sem skriðstefna hans er nær hornrétt á rásirnar.

Meðan á þykktar-mælingu stóð í vestari punktinum skrapp ég inn á Grænalón og mældi yfirborðið inn við fastan punkt.

Við SA-horn vatnsins hlóð ég vörðu á klapparhorni, sjá teikningu. Yfirborð vatnsins (lagisinn) lá 45 m undir vörðunni.

Nú er mjög hátt í Grænalóni og því má vanta hlaups þá og þegar. Þó var ekki sýnilegt að vatn rynni úr Lóninu og niður í Núpsá, en snjór var mikill í lágskarðinu, svo að um það verður ekki sagt með öruggri vissu.

Ég þyrfti að koma að Grænalóni að álliðnu sumri eða í haust og mæla yfirborðið nú á nýjan leik og þannig reglulega framvegis.

Sé svo yfirborðið mælt inn að afstöðnu hlaupi, er auðvelt að reikna út magn þess og mikilleik.

18/5/1951
S. Rist.